



Hörgársveit

Umhverfisstefna 2021 – 2031
Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun þessi er fylgiskjal með umhverfisstefnu Hörgársveitar. Áætlunin er nánari útfærsla á stefnunni, í henni er markaður rammi um framkvæmd stefnunnar.

Hér eru útfærðar þær leiðir sem sveitarfélagið hyggst fara til að ná viðkomandi markmiðum. Við hverja aðgerð er skráður ábyrgðaraðili eða aðilar. Það eru þeir aðilar sem eiga að fylgja því eftir að af aðgerðunum verði. Einnig er sett tímaáætlun við hverja aðgerð. Margar aðgerðir eru þegar í virkni en til að draga ekki úr mikilvægi þeirra góðu hluta sem þegar eru í framkvæmd eða ýta þeim til hliðar er mikilvægt að festa þá í sessi í stefnunni. Sumar tímasetningar tilgreina því aðeins að viðkomandi aðgerð sé þegar virk, í öðrum er tilgreint hvenær aðgerð skal hefjast og í enn öðrum hvenær ákveðinni aðgerð skal vera lokið. Aðgerðirnar eru ólíkar, sumar ná yfir langan tíma, aðrar eru afmörkuð verkefni og skýrast þessar ólíku gerðir tímasetninga af því. Aðgerðaáætlun skal yfirfarin árlega og uppfærð eftir því sem tilefni er til, áætlanir geta riðlast vegna nýrra laga, fjárhagsstöðu sveitarfélagsins eða annarra þátta, því er mikilvægt að framkvæmdaáætlun sé „lifandi skjal“

1. Umhverfisfræðsla

Markmið

1.1 Íbúum sveitarfélagsins er reglulega boðið á fræðsluviðburði um umhverfismál og lýðheilsu, einnig hafa þeir ávallt aðgang að uppfærðum upplýsingum og fræðslu um umhverfismál á heimasíðu sveitarfélagsins.



Aðgerðir

1.1.1 Hörgársveit stendur að fræðsluáætlun um umhverfis- og lýðheilsu í samstarfi við stofnanir sveitarfélagsins, aðrar stofnanir og félagasamtök. Boðið verður upp á fræðslu einu sinni til tvisvar á ári, til skiptis með áherslu á lýðheilsu og umhverfismál. Skiplags- og umhverfisnefnd ákveður fræðslu ársins í upphafi hvers árs.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd, stjórnendur stofnana
Tími: frá hausti 2021

1.1.2 Á heimasíðu sveitarfélagsins verða aðgengilegar nýjustu upplýsingar varðandi flokkun og valda þætti sem lúta að umhverfismálum.

Ábyrgð: sveitarstjóri Tími: er til staðar

1.1.3 Auglýsingar og fræðsluefni sem tengist umhverfismálum og lýðheilsu verði sett upp í íþróttamiðstöð.

Ábyrgð: vaktstjóri íþróttamiðstöðvar Tími: janúar 2022

1.1.4 Í upphafi hvers vinnutímabils hjá vinnuskóla sveitarfélagsins verður haldin fræðsla fyrir þátttakendur um umhverfismál.

Ábyrgð: forstöðum. þjónustumiðstöðvar Tími: frá júní 2022

1.2 Haldið verður áfram með og stutt við frábært starf í skólum sveitarfélagsins í umhverfismálum og leitað leiða til auka áhrif þess starfs á samfélagið í heild.



1.2.1 Leik- og grunnskólar sveitarfélagsins verði áfram skólar á grænni grein.

Ábyrgð: skólastjórnendur

Tími: er þegar til staðar

1.2.2 Áfram verði haldið með uppbyggingu útikennslusvæðis við Þelamerkurskóla.

Ábyrgð: skólastjóri

Tími: er þegar hafið

1.2.3 Sveitarfélagið starfi áfram í samstarfi við grunnskólann að verkefninu „Vistheimt með skólum“. Lögð verði áhersla á uppbyggingu útivistarsvæðis þar með aðgengi fyrir alla íbúa. Jafnframt verður það kynnt fyrir íbúum.

Ábyrgð: skólastjórnendur og forstöðumaður þjónustumiðstöðv.

Tími: er þegar hafið

1.2.4 Útivistarsvæði leikskólans Álfasteins verði byggt enn frekar upp í „rjóðrinu“.

Ábyrgð: skólastjóri og forstöðumaður þjónustumiðstöðvar

Tími: er þegar hafið

2. Loftslagsmál

Markmið

2.1 Með fræðslu verður leitast við að efla meðvitund og þekkingu íbúa á nýtingu náttúruauðlinda með sjálfbærni að leiðarljósi.



2.2 Starfsemi sveitarfélagsins verði kolefnishlutlaus árið 2026.



Aðgerðir

2.1.1 Fræðsla um loftslagsmál verði hluti af fræðsluáætlun sveitarfélagsins. Þar verður lögð áhersla á mikilvægi hvers og eins í þessu stóra verkefni.

Ábyrgð: sveitarstjóri

Tími: fyrir árslok 2023

2.2.1 Reiknað verður kolefnisspor sveitarfélagsins.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd

Tími: fyrir nóvember 2021

2.2.2 Gerð verði áætlun um hvernig kolefnisjafna skuli starfsemi sveitarfélagsins.

Ábyrgð: skipulags og umhverfisn., sveitarstj. Tími: fyrir árslok 2022

2.2.3 Ávallt verði leitast við að velja vistvæna kosti í ferðalögum starfsmanna sveitarfélagsins. Á það m.a. við val á ferðamáta, val á ökutækjum og samnýtingu ferða.

Ábyrgð: starfsmenn sveitarfélagsins

Tími: frá hausti 2021

2.3 Gætt skal að loftgæðum og ávallt leitast við að draga úr loftmengun.



2.2.4 Notkun á vistvænu eldsneyti skal vera í útboðslýsingum fyrir akstur á vegum sveitarfélagsins og hafa vægi þegar ákvörðun er tekin.

Ábyrgð: sveitarstjórn

Tími: frá áramótum 2021-22

2.2.5 Þegar gerðar eru áætlanir fyrir stærri framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins, verði fjallað sérstaklega um loftslagsáhrif, þ.m.t. kolefnisspor einstakra verkefna.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tími: frá hausti 2022

2.2.6 Sveitarfélagið hvetur íbúa til að nýta sér vistvæna orkugjafa til húshitunar.

Ábyrgð: sveitarstjórn

Tími: frá hausti 2021

2.3.1 Mæld verða loftgæði og svifryksmengun við Lónsbakka, sérstaklega með tilliti til leikskóla og íbúabyggðar.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: reglulega frá apríl 2022

2.3.2 Götur, gangstéttar og bílastæði verða hreinsuð af fokefnum þegar ástæða er til. T.d. á vorin þegar snjóá leysir og að loknum framkvæmdum.

Ábyrgð: þjónustumiðstöð

Tími: er virkt

3. Úrgangsmál

Markmið

3.1 Sveitarfélagið skapar grundvöll fyrir stöðugar framfarir í úrgangsmálum með fræðslu fyrir íbúa í samstarfi við stofnanir, félög og aðra samstarfsaðila. Í fræðslu verður lögð áhersla á neyslubitund og ábyrgð einstaklingsins á réttri flokkun og skilum á endurvinnsluefnum.



Aðgerðir

3.1.1 Boðið verði upp á fræðslu um flokkun og nýtingu í samvinnu við verktaka sem sér um móttöku úrgangs fyrir sveitarfélagið hverju sinni. Einnig varðandi umgang um fráveitukerfi, m.a. mikilvægi þess að fastur úrgangur berist ekki þangað.

Ábyrgð: sveitarstjóri og verktaki

Tími: fyrir árslok 2021

3.1.2 Boðið verður upp á fræðslu í samstarfi við skóla sveitarfélagsins, starfsfólk þeirra býr yfir þekkingu og reynslu úr grænfánaverkefnum, um nýtingu, innkaup og flokkun. Fræðslan er í formi fyrirlestra og/eða kynninga a.m.k. einu sinni á ári.

Ábyrgð: sveitarstjóri og skólastjórnendur Tími: Fyrir árslok 2021

3.1.3 Fræðsluefni um flokkun og nýtingu verði ávallt aðgengilegt á vef sveitarfélagsins. Lögð verður áhersla á að uppfæra þá fræðslu í takt við þróun sem verður í málaflokknum.

Ábyrgð: sveitarstóri

Tími: frá Hausti 2021

3.2. Með aukinni upplýsingagjöf, fræðslu og bættri þjónustu fyrir íbúa, stefnir Hörgársveit á að draga stórlega úr magni úrgangs sem fer til urðunar. Sveitarfélagið stefnir á að ná landsmeðaltali í hlutfalli úrgangs sem fer til urðunar innan gildistíma áætlunarinnar. Unnið verður út frá hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Sveitarfélagið leggur áherslu á að taka fullan þátt í að ná þeim sameiginlegu markmiðum sem sett verða í nýrri stefnu umhverfisráðherra um meðhöndlun úrgangs sem nú bíður samþykktar.



3.2.1 Tvisvar á ári verða fengin gögn frá verktaka sem sér um móttöku úrgangs í sveitarfélaginu, um flokkun á úrgangi frá sveitarfélaginu. Gögnin verða lögð fyrir skipulags- og umhverfisnefnd. Nefndin leggur mat á það a.m.k. einu sinni á ári hvort ástæða sé til að breyta tíðni losana, stærð íláta eða annað.

Ábyrgð: sveitarstjóri, skipulags- og umhverfisnefnd

Tími: frá hausti 2021

3.2.2 Stærð íláta fyrir flokkað sorp t.d. við stofnanir sveitarfélagsins taki mið af stefnu í úrgangsmálum. Þ.e. að ílát fyrir endurvinnsluflokka verði stækkuð en ílát fyrir almennt sorp verði minnkuð.

Ábyrgð: sveitarstjóri og verktaki

Tími: frá hausti 2021

3.2.3 Könnun verður gerð á stöðu úrgangsmála hjá heimilum, búum, fyrirtækjum og stofnunum.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd, sveitastjóri Tími: fyrir júní 2022

3.2.4 Sett verður upp grenndarstöð á Lónsbakka þar sem íbúar sveitarfélagsins geta skilað af sér pappa, gleri og batteríum.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tími: fyrir júlí 2022

3.2.5 Íbúum verður boðið upp á og þeir hvattir til að fá sér stærri endurvinnsluílát heim við bæi ef þörf er á.

Ábyrgð: Sveitastjóri

Tími: frá ágúst 2021

3.2.6 Áfram verður tryggt aðgengi fyrir íbúa sveitarfélagsins að móttökustöð með meiri flokkun á Akureyri.

Ábyrgð: sveitarstjórn

Tími: er þegar hafið

3.2.7 Áfram verður sótt heim á bæi timbur og annað flokkað efni einu sinni á ári.

Ábyrgð: forstöðumaður þjónustumiðstöðvar

Tími: er þegar virkt

3.2.8 Allir í sveitarfélaginu hafi val um að flokka lífrænt og það sé sótt heim.

Ábyrgð: sveitarstjóri

Tími: frá janúar 2022

3.2.9 Greinargóðar upplýsingar um flokkun úrgangs og leiðir til að skila af sér verði ávallt aðgengilegar og uppfærðar á heimsíðu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: sveitarstjóri

Tími: er þegar virkt

3.2.10 Stofnanir sveitarfélagsins flokki sinn úrgang eftir því flokkunarkerfi sem unnið er eftir í sveitarfélaginu. Stofnanir sveitarfélagsins, noti lausnir sveitarfélagsins í úrgangsstjórnun til að tryggja samræmi í málaflokknum. Aðstaða og merkingar varðandi flokkun verði samræmdar.

Ábyrgð: stjórnendur stofnana

Tími: frá september 2021

3.2.11 Fyrirtæki, bændur, aðrir atvinnurekendur sem og íbúar í Hörgársveit verði hvött til þess að draga úr notkun á plasti og öðrum óumhverfisvænum umbúðum í sinni starfsemi. Það verður gert á vefsíðu og í fréttabréfi.

Ábyrgð: sveitarstjóri

Tími: fyrir júní 2022

3.2.12 Við nýbyggingar og endurbætur á húsnaði á vegum sveitarfélagsins verði gert ráð fyrir endurvinnsluáðstöðu samkv. byggingarreglugerð.

Ábyrgð: framkvæmdaráð hverju sinni

Tími: frá maí 2022

3.2.13 Gjaldskrá Hörgársveitar fyrir meðhöndlun úrgangs verði endurskoðuð árlega og þess gætt að hún fylgi meginreglu um að innheimt séu gjöld fyrir alla meðhöndlun úrgangs, svo og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs.

Ábyrgð: sveitarstjórn

Tími: frá hausti 2021

3.3 Ásýnd sveitarfélagsins verði hrein og þess gætt að mengun og sorp nái ekki út í náttúruna.



3.3.1 Dreigið verður verulega úr notkun tilbúins áburðar í landi sveitarfélagsins og notkun á moltu aukin. Lífrænn úrgangur frá sveitarfélaginu er og verður sendur til Moltu og molta verður aðgengileg íbúum sveitarfélagsins til notkunar á lóðum og löndum.

Ábyrgð: forstöðumaður þjónustumiðst. Tími: frá vori 2022

3.3.2 Þess verði áfram gætt að skólpmál sveitarfélagsins séu ávallt í samræmi við lög. Lengd verður útrás frá Hjalteyri.

Ábyrgð: sveitarstjórn Tími: lokið fyrir árslok 2023

3.3.3 Áfram verða rotþrær skráðar og losaðar reglulega.

Ábyrgð: forstöðumaður þjónustumiðst. Tími: er þegar virkt

3.3.4 Við allar nýjar byggingar/íbúðir í sveitarfélaginu verður gerð krafa um tvöfalt fráveitukerfi. Í þeim tilgangi að grávatn (regnvatn, vatn úr heitum pottum o.þ.h.) fari ekki með fasta efninu í rotþrær.

Ábyrgð: byggingarfulltrúi Tími: frá hausti 2021

3.3.5 Fjörur og strandsvæði verða hreinsuð reglulega.

Vinnuskóli sveitarfélagsins mun áfram sjá um þann þátt að einhverju leyti. Einnig verða íbúar og samtök hvött til að taka til hendinni.

Ábyrgð: sveitarstjóri, forst. þjónustumiðst. Tími: er þegar virkt

3.3.6 Umhverfisverðlaun sveitarfélagsins verði áfram veitt árlega, til einstaklinga, lögbýla eða fyrirtækja sem þykja hafa skarað fram úr hvað varðar umhverfisvernd eða fegrun umhverfis. Gerður verður skýrari rammi um tilnefninguna með tilliti til ásýndar og annarra umhverfispátta.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: frá maí 2021

4. Samgöngur

Markmið

4.1 Byggja upp göngu-, reið- og hjólastígakerfi innan sveitarfélagsins samkv. gildandi skipulagi. Allt frá merktum gönguleiðum á skógræktarsvæðum til sérútbúinna uppbyggðra stíga.



Aðgerðir

4.1.1 Gerður verður göngu og hjólastígur frá Lónsbakka að þelamörk. Stígurinn verður tengdur stígakerfi Akureyrarbæjar. Skilja skal að umferð hjólandi og gangandi um stíginn.

Ábyrgð: sveitarstjórn, skipulags- og umhverfisn. Tími: er í ferli

4.1.2 Sett verða upp hjólastæði við þelamörk.

Ábyrgð: forst. þjónustumiðst. Tími: fyrir september 2021

4.1.3 Fjölgað verður merktum gönguleiðum í sveitarfélaginu, um skógræktarsvæði og í fólkvanginum að Hrauni. Einnig verða valdar áhugaverðar lengri leiðir til fjalla eða sem eru tengdar gönguleiðum úr öðrum sveitarfélögum. Horft verður til skjóls, lýsingar og hljóðvistar við útfærslur og uppbyggingu stíga í sveitarfélaginu.

Ábyrgð: sveitarstjórn í samstarfi við ýmsa aðila Tími: frá hausti 2021

4.1.4 Merkingar við göngu-, hjóla- og reiðleiðir verði auknar og bættar. Þá verði öryggi, gangandi og ríðandi ráðandi þáttur ásamt bættu aðgengi.

Ábyrgð: sveitarstjórn, forst. þjónustumiðst. Tími: frá maí 2022

4.2 Hörgársveit verður þátttakandi í orkuskiptum sem framundan eru og mun leggja sitt af mörkum til að auðvelda íbúum að taka þátt.



4.1.5 Aðstaða við útvistarsvæði, göngu- og hjólastíga verði bætt með áningarstöðum, bekkjum, rusladöllum og fleira.

Ábyrgð: sveitarstjórn, forstöðum. Þjónustumiðst. Tími: frá maí 2022

4.1.6 Sérstaklega verði hugað að skipulagningu og lagningu hjólastíga samhliða uppbyggingu gatna og göngustíga í nýjum hverfum sveitarfélagsins.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: er þegar virkt

4.1.7 Þar sem stígar þvera umferðarþunga vegi verða gerð undirgöng eða gangbrautir.

Ábyrgð: skiplags- og umhverfisnefnd Tími: við stígagerð

4.2.1 Settar verða upp hleðslustöðvar í sveitarfélaginu, við þelamörk, á Hjalteyri og á Lónsbakka í samstarfi við dreifingaraðila raforku.

Ábyrgð: sveitarstjórn, skipulags- og umhverfisnefnd Tími: fyrir árslok 2023

4.2.2 Ávallt skal gert ráð fyrir uppbyggingu innviða fyrir hleðslu á rafbílum í nýbyggingum og við endurbyggingu húsa, í samræmi við byggingarreglugerð.

Ábyrgð: byggingarfulltrúi, framkvæmdaraðilar Tími: er í gildi

4.2.3 Hlutfall vistvænna bíla verður aukið í starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Við endurnýjun bíla- og vélakostar sveitarfélagsins skal ávallt horft til umhverfisþátta.

Umhverfissvænni kostir skulu valdir sé þess kostur, t.d. rafmagns eða metanknúnir bílar og tæki.

Ábyrgð: sveitarstjórn

Tími: frá september 2021

3.2.4 Leitað skal eftir samstarfi um almenningssamgöngur við Strætó. Mikilvægt er að íbúar sveitarfélagsins geti nýtt almenningssamgöngur, t.d. strætó sem gengur út með firði.

Ábyrgð: sveitarstjórn

Tími: fyrir júní 2022

5. Landnýting, landgræðsla og landvernd

Markmið

5.1 Hörgársveit býður upp á fræðslu fyrir íbúa sveitarfélagsins um landnýtingu, sjálfbærni og náttúruvernd.



Aðgerðir

5.1.1 Í samstarfi við Skógræktarfélag Eyjafjarðar, Landgræðsluna, aðrar stofnanir og félagasamtök stendur sveitarfélagið að fræðslu sem lýtur að landnýtingu, uppgræðslu og skógrækt.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: fyrir árslok 2023

5.1.2 Fræðslufni um náttúru Hörgársveitar verði aðgengilegt fyrir íbúa á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: sveitarstjóri Tími: fyrir árslok 2022

5.2 Landnýting innan sveitarfélagsins skal vera sjálfbær og ávallt skal það haft í huga að skila henni í jafn góðu eða betra ásigkomulagi til komandi kynslóða. Skógrækt í Hörgársveit skal vera með ábyrgum og skipulögðum hætti. Skógur skal í auknum mæli vera nýttur sem skjólgróður og skógræktarsvæði opin almenningi.



5.2.1 Mælt er til þess að eigendur skóga girði þá af. Við veitingu nýrra framkvæmdaleyfa fyrir skógrækt skal sveitarstjórn setja skilmála um að skógræktendur og eigendur skóga girði þá af. Þar sem skipulögð verða ný skógræktarlönd við landamerki skal skógur vera í 15 metra fjarlægð frá landamerkjum, það er mikilvægt með tilliti til brunavarna og viðhalds á girðingum.

Ábyrgð: eigendur- og ræktendur skóga Tími: frá hausti 2021

5.2.2 Við afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á leyfum til skógræktar hverju sinni verður ávallt horft til nálægðar fyrirhugaðs skógræktarsvæðis við önnur skógræktarsvæði. Nefndinni ber að fylgja því eftir að heildarstærð skógræktar á samliggjandi skógræktarsvæðum fari ekki yfir 200 ha án þess að til komi formlegt mat á umhverfisáhrifum.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: frá hausti 2021

5.2.3 Ætíð skal vernda gott landbúnaðarland og taka ekki slíkt land undir skógrækt. Skógrækt verður að vera í sátt við umhverfi sitt, nágrenni og náttúru. Við val á stórum skógræktarsvæðum verður helst horft til svæða sem liggja hátt í landinu, inn til fjalla og dala í Hörgársveit. Við veitingu leyfa fyrir skógrækt skulu leyfishafar hvattir til þess að hafa skóga sína opna almenningi og að þess sé vel gætt að þeir verði ekki farartálmar fyrir gangandi fólk.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: frá hausti 2021

5.2.4 Uppfærð verða kort yfir skógrækt og fyrirhugaða skógrækt í sveitarfélaginu með það í huga að bæta yfirsýn yfir tilhögun skógræktar í sveitarfélaginu.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: fyrir febrúar 2022

5.2.5 Ágengar plöntutegundir verða kortlagðar í sveitarfélaginu. Átt er við tegundir eins og lúpínu, skógarkerfil og bjarnarklóm.

Ábyrgð: skipulags og umhverfisnefnd Tími: fyrir árslok 2022

5.2.6 Leitað verður leiða til að stöðva útbreiðslu, tefja eða uppræta vöxt ágengra plöntutegunda. Íbúar og landeigendur verði fræddir um skaðsemi ágengra plöntutegunda og hvattir til þess að vinna að þessu markmiði í samstarfi við sveitarfélagið. Í því samhengi skal ávallt leggja áherslu á að notkun eiturfna í baráttu við ágengar plöntur er óæskileg leið.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd, þjónustumiðstöð
Tími: frá vori 2022

5.2.7 Efnistaka skal eingöngu fara fram í þeim námum sem eru í gildandi aðalskipulagi og skal öll efnistaka vera háð skynsamlegri nýtingu. Ganga skal frá námum og græða þær upp þegar efnistöku er lokið.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: er virkt

5.3 Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum.



5.3.1 Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum svo sem með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á.

Ábyrgð: sveitarstjórn og fjallskilanefnd Tími: er virkt

5.3.2 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett hverju sinni.

Ábyrgð: sveitarstjórn og aðrir landeigendur Tími: er virkt

5.3.3 Við veitingu framkvæmdarleyfa þarf að huga vel að verndun votlendis, friðlýstra minja, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum, hverfisverndaðra staða og taka fullt tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar. Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: er virkt

5.3.4 Skýr vilji er fyrir flutningi á meiri raforku um sveitarfélagið að uppfylltum þeim skilyrðum að lega og gerð allra raflína taki mið af umhverfi, almennu öryggi og verndun góðs ræktunarlands. Stefna sveitarfélagsins er að flutningslínur raforku verði í jörðu.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd Tími: er virkt

6. Lýðheilsa

Markmið

6.1 Heilbrigðismál verði hluti af fræðsluáætlun sveitarfélagsins þar sem íbúum verður boðið upp á fræðslu um mikilvægi hreyfingar og útivistar sem forvörn gegn ýmsum sjúkdómum.



6.2 Hörgársveit verði virkur þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ á vegum Landlæknisembættisins.



Aðgerðir

6.1.1 Fræðsla um lýðheilsumál verður hluti af fræðsluáætlun sveitarfélagsins. Sú fræðsla verður skipulögð í samstarfi við stofnanir sveitarfélagsins, aðrar stofnanir, félög og einstaklinga. Fræðslan tekur bæði til líkamlegrar og andlegrar heilsu.
 Ábyrgð: sveitarstjóri og stjórnendur stofnana Tími: fyrir árslok 2023

6.2.1 Kannað verði hvað felst í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ og hver staða sveitarfélagsins er í samhengi við forsendur verkefnisins.

Ábyrgð: sveitarstjóri Tími: fyrir júlí 2022

6.2.2 Sótt verður um þátttöku í verkefninu til Landlæknisembættisins.

Ábyrgð: Sveitarstjórn Tími: fyrir október 2022

6.2.3 Verði umsóknin samþykkt, stofnar sveitarfélagið stýrihóp um verkefnið og tilnefnir tengilið sveitarfélagsins í því.

Ábyrgð: sveitarstjórn Tími: fyrir júní 2023

6.3 Íbúar sveitarfélagsins skulu hafa aðgengi að góðri og fjölbreyttri aðstöðu til útivistar og hreyfingar.



6.3.1 Íbúar sveitarfélagsins fá áfram árskort í sund endurgjaldslaut.

Ábyrgð: sveitarstjórn

Tími: er virkt

6.3.2 Við áframhaldandi uppbyggingu á útivistarsvæðum verði hugað að aðgengi fyrir alla. Það má gera með stígahönnun og skýrum og góðum merkingum.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisn., þjónustumiðstöð Tími: frá hausti 2021

6.3.3 Við uppbyggingu á útivistarsvæðum verður ávallt leitað leiða til að þau verði áhugaverðir staðir til útivistar fyrir fjölskylduna og fólk á öllum aldri. Það má gera með áhugaverðum fræðsluskiltum, góðum áningarstöðum og „ævintýralegum“ gönguleiðum.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisn., þjónustum., aðrir eigendur útivistarsv.

Tími: frá vori 2022

6.3.4 Upplýsingar um útivistarmöguleika, göngu-, reið- og hjólaleiðir verði aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: sveitarstjóri

Tími: frá maí 2022

6.3.5 Árlegir hreinsunardagar í sveitarfélaginu verði eflir enn frekar með auknu skipulagi, kynningu og samveru í boði fyrir íbúa í lok dags.

Ábyrgð: skipulags- og umhverfisnefnd

Tími: frá vori 2022

7 Atvinnulíf

Markmið

7.1 Fyrirtæki í sveitarfélaginu verði hvött til að haga starfsemi sinni þannig að hún sé í sem mestri sátt við náttúru og samfélag. Ávallt sé leitast við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi.



7.2 Lögð verði áhersla á dýravelferð



Aðgerðir

7.1.1 Umhverfisstefna sveitarfélagsins verður kynnt fyrir starfandi og nýjum fyrirtækjum í sveitarfélaginu og þau hvött til að fylgja henni eða starfa eftir eigin umhverfisstefnu sem tekur mið af stefnu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: skipulags og umhverfisnefnd Tími: lok árs 2021

7.1.2 Fyrirtæki í ferðapjónustu verða hvött til að sækja sér umhverfisevntun.

Ábyrgð: skipulags og umhverfisnefnd Tími: fyrir júní 2022

7.1.2 Bændur og aðrir matvælaframleiðendur verða hvattir til að kynna framleiðslu sína og leita leiða til að selja í heimabyggð.

Ábyrgð: sveitarstjórn Tími: fyrir júní 2022

7.2.1 Reglur um dýrahald aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ábyrgð: sveitarstjóri Tími: er virkt

7.2.2 Spornað verður við fjölgun „ágengra dýrategunda s.s. minka, meindýra og vargfugla.

Ábyrgð: sveitarstjórn Tími: er virkt

8. Stjórnsýsla

Markmið

8.1 Kjörnir fulltrúar og lykilstarfsmenn sveitarfélagsins þekki vel til umhverfisstefnu sveitarfélagsins.



8.2 Við ákvarðanatöku og dagleg störf á vegum sveitarfélagsins skal ávallt tekið mið af umhverfisstefnu þessari.



Aðgerðir

8.1.1 Starfsfólk á skrifstofu sveitarfélagsins og stjórnendur stofnanna þess fá kynningu á umhverfisstefnu þessari.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tími: fyrir október 2021

8.1.2 Í upphafi hvers kjörtímabils kynni sveitarstjórn sér umhverfisstefnu sveitarfélagsins. Hún skal jafnframt kynnt nefndarfólki, til að tryggja að þau þekki til hennar og stuðla að meðvitund um hana í allri ákvarðanatöku.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tími: fyrir nóvember 2022

8.2.1 Við allar skipulagsákvæðanir, s.s breytingar á aðalskipulagi, vinnu við ný deiliskipulög verði tekið mið af umhverfisstefnunni. Takmörkun á neikvæðum umhverfisáhrifum skal alltaf höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku um óafturkræfar framkvæmdir, dæmi malarnám, gerð flutningslína rafmagns og virkjanir.

Ábyrgð: skipulags og umhverfis

Tími: frá hausti 2021

8.2.2 Við öll innkaup á vegum sveitarfélagsins verði horft til umhverfisáhrifa, bæði við framleiðslu á vörunum og notkun þeirra. Áhersla skal lögð á vistvæn og samfélagslega ábyrg innkaup.

Ábyrgð: sveitastjóri og stjórnendur

Tími: frá hausti 2021

8.2.3 Þeir aðilar sem sjá um innkaup fyrir sveitarfélagið skulu á 3-4 ára fresti fá fræðslu um vistvæn innkaup. Þar verði m.a. fjallað um umhverfsvottanir.

Ábyrgð: sveitarstjóri

Tími: frá hausti 2022

8.2.4 Kannaðir verða möguleikar á sameiginlegum innkaupum stofnanna, til að minnka kolefnisspor við flutning og bæta nýtni.

Ábyrgð: Sveitastjóri og stjórnendur

Tími: frá hausti 2021
